

**195. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn
fimmtudaginn 16. febrúar 2017, kl. 13:00
í Aratungu**

Mætt voru:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Óttar Bragi Þráinsson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Eyrún M. Stefánsdóttir, Bryndís Á. Böðvarsdóttir og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð. Einnig voru mætt á fundinn Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi og skipulagsráðgjafar Ingibjörg Sveinsdóttir og Gísli Gíslason.

1. Tillaga að endurskoðuðu Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027.

Lögð var fram tillaga að endurskoðuðu Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 sem saman stendur af uppdráttum, forsenduskýrslu og greinargerð. Á síðasta fundi sveitarstjórnar, 194. fundi, var tillagan tekin til umfjöllunar þar sem fram komu ábendingar og gerðar voru athugasemdir. Skipulagsráðgjafar hafa unnið úr framkomnum ábendingum og athugasemdum sem kynntar eru og farið yfir á þessum fundi.

Umræða varð um fyrirliggjandi tillögu og gerðar smávægilegar breytingar í takt við umræður á fundinum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa að leita eftir heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna skv. 1 mgr. 31. greinar Skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundi slitið kl. 15:45.

Helgi Kjartansson, oddviti

Valgerður Sævarsdóttir

Óttar Bragi Þráinsson

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Eyrún M. Stefánsdóttir

Bryndís Á. Böðvarsdóttir

Valtýr Valtýsson

Pétur Ingi Haraldsson

Ingibjörg Sveinsdóttir

Gísli Gíslason